



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Mat á áhrifum lagasetningar vegna breytinga á lögum um umhverfis – og auðlindaskatta nr. 129/2009 og lögum um vörugjald á ökutæki, eldsneyti o.fl. nr. 29/1993.
Ráðuneyti	Fjármála- og efnahagsráðuneytið, skrifstofa skattamála.
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	3. nóvember 2023.

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs.

Kolefnisgjald er skilvirk og áhrifarík leið til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og þar með losun á CO₂. Í frumvarpinu verður lögð til hækkun á fjárhæðum kolefnisgjalds og tengist m.a. fyrirhuguðum breytingum á skattlagningu ökutækja og eldsneytis með það meginmarkmið að auka á ný tekjuöflun af þeim skattstofnum. Til að draga úr álögum verða vörugjöld á bensín lækkuð á móti. Kerfisbreytingin dregur einnig úr líkum á að innflytjendur eldsneytis til Íslands þurfi að kaupa loftslagsheimildir í nýju evrópsku viðskiptakerfi með losunarheimildir (ETS2) vegna upptöku þess í EES-samninginn. Uppfylli lög um kolefnisgjald ekki skilyrði tilskipunarinnar á tilsettum tíma munu söluaðilar eldsneytis þurfa að kaupa evrópskar losunarheimildir. Mun sá kostnaður leggjast við núverandi skattheimtu. Gert er ráð fyrir hækkun kolefnisgjalds feli í sér auknar tekjur sem nemur 3,1 ma.kr. Auk þess verði vörugjöld á bensín lækkuð sem felur í sér lækkun tekna um 0,6 ma.kr. Heildaráhrif á ríkissjóð verða þá 2,5 ma.kr. til hækkunar auk mögulegra breytinga á grunni kolefnisgjalds.

2. Tekjubreytingar.

Gert er ráð fyrir hækkun kolefnisgjalds feli í sér auknar tekjur sem nemur 3,1 ma.kr. Auk þess verði vörugjöld á bensín lækkuð sem felur í sér lækkun tekna um 0,6 ma.kr. Heildaráhrif á ríkissjóð verða þá 2,5 ma.kr. til hækkunar auk mögulegra breytinga á grunni kolefnisgjalds.

3. Útgjaldabreytingar.

Á ekki við.

4. Eignabreytingar.

Á ekki við.

5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál.

Á ekki við.

B.

1. **Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:** Hin aukna tekjuöflun sem er markmið lagabreytingarinnar er innifalin í tekjuáætlun fjármálaáætlunar 2024 – 2028 og fjárlagafrumvarpi ársins 2024.
2. **Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks, t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?** Á ekki við.
3. **Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?** Með frumvarpinu verður kolefnisgjald hækkað sem leiðir til aukinna tekna til ríkissjóðs. Tilgangur gjaldsins er þó einnig að hvetja til samdráttar í losun sem gæti til lengri tíma dregið úr tekjuáhrifunum.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. **Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið.**

Losun gróðurhúsalofttegunda og önnur mengun felur í sér viðskiptakostnað sem lendir á öðrum en þeim sem eiga viðskipti sín á milli. Þar sem sá neikvæði kostnaður lendir ekki á þeim sem eiga viðskiptin heldur öðrum ytri aðila er ákvarðanatakan um viðskiptin ekki byggð á réttum upplýsingum sem er forsenda skilvirkra markaða. Tilgangur kolefnisgjalds er að ná utan um neikvæð ytri áhrif af losun svo að verð endurspegli raunkostnað losunar gróðurhúsalofttegunda. Markmiðið er að gera kolefnisgjald almennara og skilvirkara með því að breikka út gildissvið þess til samræmis við flest viðmiðunarríki okkar sem leggja á kolefnisgjald. Einnig er markmið breytinganna aukin tekjuöflun fyrir ríkissjóð í ljósi samdráttar á tekjum ríkissjóðs af skattlagningu ökutækja og eldsneytis.

Hagrænir hvatar sem fylgja aukinni gjaldtöku af losun gróðurhúsalofttegunda geta falið í sér minni losun og minni þörf fyrir kaup á losunarheimildum í framtíðinni.
2. **Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur, sbr. lög nr. 27/1999?**

Með þessu frumvarpi er stuðlað að auknum fyrirsjáanleika í kostnaði fyrirtækja vegna losunar gróðurhúsalofttegunda. Markmiðið er að draga úr líkum á því að íslensk fyrirtæki þurfi að kaupa ófyrirsjáanlegar ETS2 losunarheimildir á næstu árum.
3. **Samkeppnisskilyrði.** Á ekki við.

D. Önnur áhrif

1. **Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.**

Á ekki við.
2. **Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi).**

Á ekki við.
3. **Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.**

Á ekki við.
4. **Áhrif á byggðalög.** Akstur fólksbíla er mjög svipaður á milli landshluta en þó aðeins meiri á höfuðborgarsvæðinu og nágrannasveitarfélögum þess.
5. **Áhrif á frjáls félagasamtök.** Á ekki við.

6. **Áhrif á jafnrétti kynjanna.** Gera má ráð fyrir að áhrif frumvarpsins á kynin séu nokkuð mismunandi. Á móti hækkun kolefnisgjalds vegur lækkun bensíngjalds svo að heildaráhrifin á ökutæki heimila er eflaust lítil. Gera má ráð fyrir að það hafi frekar áhrif á atvinnugreinar þar sem karlar eru í meiri hluta.
7. **Áhrif a lýðheilsu.** Með hækkun kolefnisgjalds aukast hvatar til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Með því að draga úr mengun aukast loftgæði. Mengun er auk þess einn helsti krabbameinsvaldur á heimsvísu. Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda getur því haft víðtæk jákvæð áhrif á lýðheilsu.
8. **Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.** Á ekki við.
9. **Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.** Á ekki við.
10. **Áhrif á stjórnslu, svo sem hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.** Skatturinn mun e.t.v. þurfa að vinna undirbúningsvinnu að breikkun skattstofns kolefnisgjalds.
11. **Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.** Á ekki við.
12. **Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.** Hækkun og breikkun stofns kolefnisgjalds er til þess fallin að draga úr eftirspurn eftir jarðefnaeldsneyti á föstu og fljótandi formi og hafa þannig jákvæð áhrif á umhverfi, loftslag og sjálfbæra þróun.
- 13.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag. Þær lagabreytingar sem lagðar verða til í frumvarpinu munu hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs verði það að lögum. Tekjur munu frá og með árinu 2024 aukast um rúmlega 3 ma.kr. nettóáhrif eftir að tekið er tillit til lækkunar bensíngjalds fela í sér tekjuauka fyrir ríkissjóð sem nemur 2,5 ma.kr. Leiða má að því líkum að áhrif á aðra skatta svo sem tekjuskatt lögaðila og veiðigjald séu til lækkunar sem geri það að verkum að heildartekjuáhrif frumvarpsins verði eitthvað lægri en 2,5 ma.kr. Um er að ræða frummat sem verður endurskoðað þegar nánari útfærsla liggur fyrir og frekari greiningar á áhrifum af breyttu fyrirkomulagi á skattlagningu bifreiða. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á útgjöldum ríkisins til skamms tíma. Til lengri tíma gætu þó hagrænir hvatar dregið úr losun og þar með þörf fyrir kaup á kolefniseiningum.

1. **Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.** Á ekki við.
2. **Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).** Á ekki við.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. **Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?** Á ekki við.

2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma? Á ekki við.

3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin? Á ekki við.